



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: STÆR4TR06L, STÆR4TR06Ó og STÆR4MS08Ó veturinn 2020-2021.

Kennari: Birgir Guðjónsson.

Kennslugögn: Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar,
Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar,
Stærðfræði handa 6. bekk eðlisfræðideildar I: Stærðfræði III,
e.t.v. fleira.

Bekkur: 6.X.

Lýsing:

Prepun, runur og raðir. Talningarfræði. Hagnýting diffrunar. Stofnföll. Skilgreining náttúrulega lograns og vísifallsins. Skilgreining velda. Óeiginleg markgildi logra og vísifalla. Bogaföll. Óákveðin og ákveðin tegur og notkun tegurreiknings. Tvinntölur. Diffurjöfnur. Stærðfræðigreining og e.t.v. fleira.

Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

Haustmisseri:

- Vika 1-4: Prepun, runur og raðir ásamt talningarfræði (kaflar 4-5 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 5-9: Útgildi, hallabil og notkun diffurreiknings. Stofnföll, lograr, veldi, óeiginleg markgildi logra og vísifalla og bogaföll (hluti kafla 4.2 og kaflar 4.3, 4.4 og 5.1-5.4 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 10-15: Óákveðið tegur, ákveðið tegur og notkun tegurreiknings (kaflar 1, 2 og 3 í Stærðfræði handa 6. bekk). náttúrufræðibrautar).

Vormisseri:

- Vika 1-4: Tvinntölur og diffurjöfnur (kaflar 7 og 8 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 5-14: Stærðfræðigreining og e.t.v. eitthvað fleira (Stærðfræði handa 6. bekk eðlisfræðideildar I: Stærðfræði III og e.t.v. fleira).

Námsmat– birt með fyrirvara– breytingar kunna að verða gerðar vegna COVID19

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 12 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 12 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.



Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunnir:**

- **Lesin stærðfræði** (stærðfræði I):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði 1/3.
- Jólapróf 1/3.
- Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.

- **Ólesin stærðfræði** (stærðfræði II):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði 1/2.
- Jólapróf 1/6.
- Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.

- **Stærðfræði III:**

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í stærðfræði III 2/3.
- Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, vinnubrögðum við heimanám, munnlegri og skriflegri framsetningu stærðfræðinnar, fræðilegri yfirsýn og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf** er tvö 90 mínútna próf og er annað þeirra fræðilegt.
- **Stúdentspróf** að vori er tekið úr öllu námsefni 4., 5. og 6. bekkjar. Fræðilega prófið er munnlegt og er gefin sérstök einkunn fyrir það. Sex klukkustunda skriflegu prófi er skipt í tvo hluta sem fara fram á tveim dögum. Er fyrri hluti þess sameiginlegur náttúrufræðideild I og eðlisfræðideild II. Að auki tekur þessi deild eitt þriggja klukkustunda skriflegt próf úr því námsefni sem hún hefur umfram aðrar deildir og eru um 40% þess fræðilegs eðlis. Stúdentsprófeinkunnir eru því þrjár.